

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 67/2011

2011/EES/54/09

frá 1. júlí 2011

um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) og IV. viðauka (Orka) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKIÐ NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) II. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 2/2011 frá 11. febrúar 2011 ⁽¹⁾.
- 2) IV. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 7/2011 frá 1. apríl 2011 ⁽²⁾.
- 3) Fella ber inn í samninginn tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/125/EB frá 21. október 2009 um ramma til að setja fram kröfur varðandi vistarhæðun að því er varðar orkutengdar vörur (endurútgefin) ⁽³⁾.
- 4) Fella ber inn í samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 347/2010 frá 21. apríl 2010 um breytingu á reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 245/2009 að því er varðar kröfur varðandi vistarhæðun flúrpera án innbyggðrar straumfestu, háþrýstra úrhleðslupera og varðandi straumfestur og lampa fyrir slíkar ljósaperur ⁽⁴⁾.
- 5) Samkvæmt ákvæðum tilskipunar 2009/125/EB fellur úr gildi tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2005/32/EB ⁽⁵⁾, en sú gerð hefur verið felld inn í samninginn og ber því að fella hana úr samningnum.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

Ákvæði IV. kafla II. viðauka við samninginn breytist sem hér segir:

1. Texti 6. liðar (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2005/32/EB) hljóði svo:

„**32009 L 0125:** Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/125/EB frá 21. október 2009 um ramma til að setja fram kröfur varðandi vistarhæðun að því er varðar orkutengdar vörur (endurútgefin) (Stjtið. ESB L 285, 31.10.2009, bls. 10).“

Ákvæði tilskipunarinnar skulu, að því er samning þennan varðar, aðlöguð sem hér segir:

EFTA-ríkin skulu taka fullan þátt í starfi nefndarinnar sem var sett á laggirnar samkvæmt 19. gr. en þau hafa ekki atkvæðisrétt.“

2. Eftirfarandi undirliður bætist við í 10. lið (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 244/2009):

„– **32010 R 0347:** Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 347/2010 frá 21. apríl 2010 (Stjtið. ESB L 104, 24.4.2010, bls. 20).“

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 93, 7.4.2011, bls. 31, og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 19, 7.4.2011, bls. 5.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 171, 30.6.2011, bls. 1, og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 37, 30.6.2011, bls. 1.

⁽³⁾ Stjtið. ESB L 285, 31.10.2009, bls. 10.

⁽⁴⁾ Stjtið. ESB L 104, 24.4.2010, bls. 20.

⁽⁵⁾ Stjtið. ESB L 191, 22.7.2005, bls. 29.

2. gr.

Ákvæði IV. viðauka við samninginn breytist sem hér segir:

1. Texti 26. liðar (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2005/32/EB) hljóði svo:

„**32009 L 0125**: Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/125/EB frá 21. október 2009 um ramma til að setja fram kröfur varðandi visthönnun að því er varðar orkutengdar vörur (endurútgefin) (Stjtið. ESB L 285, 31.10.2009, bls. 10).

Ákvæði tilskipunarinnar skulu, að því er samning þennan varðar, aðlöguð sem hér segir:

EFTA-ríkin skulu taka fullan þátt í starfi nefndarinnar sem var sett á laggirnar samkvæmt 19. gr. en þau hafa ekki atkvæðisrétt.“

2. Eftirfarandi bætist við í 34. lið (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 245/2009):

„eins og henni var breytt með:

- **32010 R 0347**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 347/2010 frá 21. apríl 2010 (Stjtið. ESB L 104, 24.4.2010, bls. 20).“

3. gr.

Íslenskur og norskur texti reglugerðar (ESB) nr. 347/2010 og tilskipunar 2009/125/EB, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

4. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 2. júlí 2011, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (*).

5. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 1. júlí 2011.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Kurt Jäger

formaður.

(*) Stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.